

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

4. desember 2000

Efni : Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 232. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 24. nóvember sl., var Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Samtökum verðbréfafyrirtækja sent ofangreint þingmál til umsagnar. Öll þessi sambönd eiga aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF). Hefur orðið að ráði að senda umsögn um málið í nafni Samtaka fjármálafyrirtækja. Hefur umsögn þessi því einnig að geyma sjónarmið áðurgreindra fjögurra aðildarsambanda SFF.

1. Fjármálafyrirtæki starfa skv. sérstökum lögum og á grundvelli sérstaks starfsleyfis. Ábyrgðin á starfsemi fjármálafyrirtækja hvílir á herðum stjórnenda þeirra, þ.e.a.s. framkvæmdastjórum þeirra, stjórnnum og aðalfundum. Til stjórnenda fjármálafyrirtækja eru gerðar hæfis- og hæfniskröfur í lögum, og þar er mælt fyrir um innra eftirlit (innri endurskoðun) fyrirtækjanna og ytri endurskoðun. Það er skýlaust afstaða SFF, að meginþungi eftirlitsins hljóti að vera í höndum fyrirtækjanna sjálfra. Fjármálaeftirlitið eigi einkum að fylgjast með því að þessir öryggisþættir séu fyrir hendi, og hafa bein afskipti teljist þeir ófullnægjandi eða hafi þeir brugðist. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga, þegar umsvif Fjármálaeftirlitsins eru til umfjöllunar, hvort heldur er nú eða í nánustu framtíð.
2. Íslensk fjármálafyrirtæki verða að sjálfsögðu að sæta því, að rekstur þeirra og þjónusta sé borin saman við erlenda keppinauta í nágrannaríkjunum. Á sama hátt er ekkert óeðlilegt við það, að íslensk fjármálafyrirtæki, sem falla undir Fjármálaeftirlitið, beri saman kostnað og umfang eftirlitsstarfseminnar hér á landi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Hér er um að ræða atriði sem beint og óbeint hefur áhrif á samkeppnisstöðu íslensku fyrirtækjanna gagnvart hinum erlendu. Ástæða er til að ætla, að kostnaður við eftirlit með fjármálastarfseminni hér á landi sé nú þegar hærri en almennt tíðkast í ríkjum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við. Íslensk stjórnvöld hljóta því að sýna fyllstu gát áður en þau taka ákvörðun um að auka enn umsvif Fjármálaeftirlitsins og kostnað við starfrækslu þess.

3. Aðildarsambönd SFF eiga fulltrúa í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila um rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins, og standa því að álit samráðsnefndarinnar, er fylgir frumvarpinu í heild sinni. Þau sjónarmið, sem þar eru sett fram og rökstudd í 7 töluliðum, standa að sínu leyti öll enn. Skal því að svo stöddu látið nægja að vísa til álits samráðsnefndar um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins, og þar með um þau álagningarhlutföll, sem frumvarpið tekur mið af.

Með vinsemd og virðingu,
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Björgvinur Linnarsson". The signature is fluid and cursive, with a large, stylized initial 'B' and a long, sweeping tail that ends in a sharp point.